

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 28. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um endurskoðendur (526. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem miðar að innleiðingu tilskipunar ESB nr. 2006/43/EB um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga.

Viðskiptaráð tekur undir þau sjónarmið ESB að mikilvægt sé að skýrar reglur gildi um störf endurskoðenda. Aukin alþjóðavæðing hefur kallað á aukna samræmingu á sviði endurskoðunar og er alþjóðleg einsleitni nú talin ákjósanleg. Það er því afar mikilvægt að íslensk stjórnvöld leggi sig öll fram við að skapa innlendum endurskoðendafélögum þau skilyrði sem þarf til að þau geti staðið undir síaukunum alþjóðlegum kröfum.

Með því að kveða svo á um að endurskoðendum beri að fara eftir alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er eðli málsins samkvæmt verið að samræma reikningsskil. Slík samræming auðveldar eftirlit og eykur gagnsæi og samanburðarhæfni. Fyrir fyrirtækin sjálf þá leiðir notkun samræmdra reikningsskilareglna innan samstæðna til samræmdari reikningskila, auk þess sem aðgangur að erlendu fjármagni batnar þar sem þekking á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum er til staðar hjá erlendum lánastofnunum og fjárfestum.

Í ljósi mikilvægis endurskoðenda fyrir trúverðugleika fjárhagsupplýsinga má velja því upp hvort heimild ársreikningalaga til tilnefningar skoðunarmanna standist nánari skoðun. Þróun undanfarinna ára hefur verið á einn veg – auknar kröfur og aukin ábyrgð endurskoðenda. Það skýtur því skökku við að unnt sé að tilnefna skoðunarmann, þ.e. einhvern með reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum, sem er einskona ígildi endurskoðanda en ber ekki samskonar ábyrgð né gerðar til hans sambærilegar kröfur.

Eðlilegra væri að fara að fordæmi nágrannaþjóða okkar og undanskilja fyrirtæki undir ákveðnum stærðarmörkun endurskoðunarskyldu. Umfang fyrirtækja er oftast en ekki af þeirri stærðargráðu að full endurskoðun er nær óþörf. Með því að undanskilja slík fyrirtæki væri því verið að efla skilvirkni endurskoðenda sem og að draga úr kostnaði fyrirtækja. Með breytingum af þessu tagi væri enn fremur verið að taka af allan vafa um áreiðanleika áritunar ársreikninga,

þar sem ljóst væri að einungis löggildur endurskoðandi er beittir alþjóðlegum og viðurkenndum reikningsskilastöðlum stóð að baki þeirri áritun.

Viðskiptaráð fagnar því að fá tækifæri til að skipa einstakling til setu í endurskoðendaráði. Hins vegar telur Viðskiptaráð bagalegt að frumvarpið beri ekki með sér nægilegan rökstuðning fyrir þeirri gjaldtöku sem kveðið er á um í 18. gr. þess. Hvort sem markaðurinn stendur straum af kostnaði eftirlitsaðila/stofnanna eða hið opinbera er ávallt mikilvægt að raunhæf fjárhagsáætlun standi að baki því gjaldi sem ætlunin er að innheimta. Viðskiptaráð telur að veita eigi ráðherra heimild til að ákveða gjaldtöku þessa í reglugerð og að í reglugerð þeirri verði kveðið á um gjaldtakan verði að endurspeгла raunkostnað vegna starfsemi nefndarinnar og að kveðið verði á um árlega endurskoðun þessarar fjárhæðar.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs